

Stj.tíð. B, nr. 801/1982.

Reglur um flutning á hættulegum varningi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar skulu gilda um allan flutning á hættulegum varningi með íslenskum skipum, nema þegar hættulegur varningur er fluttur laus í farmrýmum eða farmgeymum skipa, sem sérstaklega eru útbúin til þeirra flutninga.

2. gr.

Flokkur.

Ákvæði 1. gr. skulu gilda fyrir eftirtalda flokka efna:

- Flokkur 1 — Sprengiefni.
- Flokkur 2 — Gastegundir: Þjappaðar, þéttar eða í upplausn undir þrýstingi.
- Flokkur 3 — Eldfimir vökvar.
- Flokkur 4 (a) — Eldfim föstefni.
- Flokkur 4 (b) — Eldfim föstefni sem hætt er við sjálfsíkviknun.
- Flokkur 4 (c) — Eldfim föstefni sem gefa frá sér eldfimar gastegundir, ef þau komast í snertingu við vatn.
- Flokkur 5 (a) — Oxiderandi efni.
- Flokkur 5 (b) — Lífræn peroxíð.
- Flokkur 6 — Eiturefni.
- Flokkur 7 — Geislavirk efni.
- Flokkur 8 — Ætandi eða tærandi efni.
- Flokkur 9 — Önnur hættuleg efni, sem reynst hafa eða reyna kunnast hættuleg og falla því undir ákvæði þessara reglna.

3. gr.

Frágangur farms og merking.

- 3.1. Hvað varðar umbúðir, merkingu, búlkun og hleðslu einstakra efna, skulu gilda ákvæði í International Maritime Dangerous Goods Code, IMDG-CODE, fyrir flutning á hættulegum varningi, og skal merking fara fram, áður en varningurinn er látinn í skip. Til glöggvunar eru, á fylgiskjali með reglum þessum, birtar myndir af merkingum efna skv. flokkun þeirra í IMDG-Code, sbr. 2. gr. þessara reglna. Stærð og útlit merkimiða skal vera eins og fram kemur í fylgiskjali.
- 3.2. Ef hættulegur varningur er hafður á opnu þilfari, skal hann ekki taka upp meira en sem nemur 50% af þilfarsfleti skipsins, og skulu loftrör, pælrör og þess háttar, vera vel aðgengileg.

4. gr.

Farmskjöl.

- 4.1. Á öllum farmskjölum, er snerta flutning á hættulegum varningi skv. 2. gr., skal nota rétt tækniheiti efnisins eða efnanna.
- 4.2. Sendandi hættulegs varnings skal útbúa skírteini eða yfirlýsingu, sem fylgir farmskjölum þess efnis, að viðkomandi varningur sé pakkaður og merktur á viðeigandi hátt skv. þessum reglum.
- 4.3. Sérhvert skip, er flytur hættulegan varning, skal útbúa sérstaka farmskrá eða lista, þar sem upp er tæmandi talinn allur hættulegur varningur sbr. 2. gr. og staðsetning hans um borð. Greinargóða hleðsluteikningu, þar sem fram kemur flokkun hættulegs varnings og staðsetning hans um borð, er heimilt að nota í stað umræddrar farmskrár eða lista.

5. gr.

Skyldur skipstjórnarmanna.

Skipstjóri eða staðgengill hans, skal fullvissa sig um, að vörurnar séu merktar og frágengnar eins og fyrirskipað er og ennfremur, að umbúðir séu í góðu ásigkomulagi, áður en lagt er af stað úr höfn.

6. gr.

Eftirlit.

[Siglingastofnun Íslands]¹ hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Skal starfsmönnum stofnunarinnar veittur aðgangur að framskrá eða hleðsluteikningu yfir hættulegan varning skv. 4. grein, hvenær sem þess er óskað. Ennfremur er starfsmönnum stofnunarinnar heimill aðgangur að hættulegum varningi um borð í skipum til skoðunar umbúða, merkinga og hleðslu, hvenær sem þeir þess óska.

7. gr.

Refsing.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt X kafla laga nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.²

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum², staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 61, 28. mars 1953, um flutning á hættulegum varningi og reglur nr. 167/1942 um flutning á bensíni og öðrum eldfimur efnum með íslenskum skipum.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.


Kristinn Gunnarsson.

1) Siglingastofnun Íslands í stað Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. [lög um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996](#).

2) Sbr. nú lög um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Fylgiskjal.**Merkimiðar.**

Stærð merkimiða skal vera, ef um er að ræða einstaka pakka, 100 x 100 mm að stærð, en ekki minni en 250 x 250 mm að stærð, ef um er að ræða merkingar á gámum og flutningageymum.




MERKING 1



- * Flokkanúmer
- ** UN númer

MERKING 2



- * Flokkanúmer
- ** UN númer

